

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík 24. júní 2019  
UST201906-127/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Stokkahláðir - Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Stokkahláðir í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að heimilt sé að reisa allt að tvær byggingar undir geymslu – og þjónustuhúsnæði á athafnasvæði á Stokkahlöðum.

#### **Bakkagróður**

Í greinargerð kemur fram að byggingar verða staðsettar norðan Stokkhláðnaár. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum.

#### **50 metrar frá ám og vötnum**

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram Eyjafjarðará svo að útivistargildi skerðist ekki.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur